

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 25. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0081
BK

Efni: Ferðaþjónusta við Holtsós undir Eyjafjöllum - Matsskyldufyrirspurn

Vísað er í tölvubréf gegnum skipulagsgátt, dags. 26. febrúar 2024, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldufyrirspurn vegna uppbyggingar við Holtsós.

Fyrirhugað er að byggja 200 herbergja hótél við Þjóðveg, 120 herbergja hótél með baðlóni og 200 smáhýsi. Einnig verður gert ráð fyrir fastri búsetu starfsmanna með 48 starfsmannaíbúðum. Við Þjóðveginn verður einnig sett upp fjölorkustöð, verslunar- og þjónusturými.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir á fyrri stigum málsins, um skipulagslýsingu, dags. 10. maí 2023, og vinnslutillögu að aðalskipulagsbreytingu, dags. 20. desember 2023.

Þar kom fram að stofnunin telur umfang fyrirhugaðra framkvæmda úr hófi fram í ljósi áætlaðs verndargildis náttúru svæðisins. Þá er uppbyggingin mjög dreifð sem eykur enn frekar risk og uppbot (e. fragmentation) á vistgerðum með hátt verndargildi og búsvæðum fugla. Votlendi innan svæðisins er líklega vanmetið í vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar en þrátt fyrir umfangsmikla framræslu má sjá á loftmyndum að land er víða enn blautt á skipulagssvæðinu. Munkahetta, friðuð válistaplanta, er skráð í grennd við Holtsós og staðhættir við ósinn svipar til staðháttá við vaxtarstað tegundarinnar við Dyrhólaós.

Út frá vistgerðum má reikna með mjög háum þéttleika vaðfugla á svæðinu en á Suðurlandi hefur víða verið þrengt að búsvæðum þeirra. Þekkt er að vaðfuglar forðast ýmis mannvirki¹ og í nýútkominni vísindagrein voru rannsökuð áhrif sumarhúsa á þéttleika sjö mófuglategunda (þar af fimm tegundir vaðfugla). Rannsóknin leiddi í ljós að einungis þurfti eitt hús til að hafa marktæk neikvæð áhrif á þéttleika þriggja af fimm tegundum vaðfugla, þ.e. heiðlóu, jaðrakan, spóa, og lítillaga fleiri (<6 hús) til að áhrifin væru neikvæð fyrir stölk. Sé um þetta sumarhúsabyggð að ræða koma einnig til neikvæð áhrif á þéttleika þúfutittlings.²

Það má því reikna með að auk beins búsvæðataps undir ýmis mannvirki muni fyrirhugaðar framkvæmdir hafa umtalsverð neikvæð áhrif á varpþéttleika fugla á nærliggjandi svæðum.

¹ Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

² Pálsdóttir, A. E., Alves, J. A., Gill, J. A., Pálsson, S., Méndez, V. & Gunnarsson, T. G. 2024. Introduction of summer houses into semi-natural habitats: impacts on ground-nesting birds. Animal Conservation. <https://doi.org/10.1111/acv.12938>



Auk vaðfugla er líklegt að töluvert andfluglavarp sé á þessum slóðum og þá fer mikill fjöldi gæsa og álfta um svæðið á fartíma.

Ljóst er að fyrirhuguð uppbygging mun fela í sér mikið rask á vistgerðum með hátt verndargildi sem og búsvæðum fugla. Aukin umferð um svæðið gæti einnig valdið truflunum, m.a. fyrir fuglalíf Holtsóss sem er mikilvægur dvalarstaður álfta og gæsa og er undir hverfisvernd.

Náttúrufræðistofnun telur því nauðsynlegt að framkvæmdin gangist undir mat á umhverfisáhrifum. Slíkt mat þarf m.a. að ná til gróðurs og vistgerða, fuglalífs og landslags. Auk fuglatalninga á varptíma, þurfa að fara fram athuganir á fartíma gæsa að vori og náttstaðatalningar við ósinn að hausti.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

